

**Nd.**

### **461. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það sé samþykkt með eftirfarandi breytingu.

Þrír nefndarmenn (FJ, BJ, PÞ) áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv., í samræmi við frv. til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um till., er fram kunna að koma um að breyta verðjöfnunargjaldinu í hundraðsgjald.

#### **BREYTINGARTILLAGA.**

Við 2. gr. Á eftir 2. gr. komi ný gr., 3. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal skipa sjóðnum 9 manna stjórn, þannig: Atvinnumálaráðherra skipar 1 mann, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar. Hinir stjórnarmennirnir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra fjögurra þingflokka, sem nú skipa Alþingi, þannig, að hver þingflokkur tilnefnir 2 menn. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi þeirra.

Greinatalan breytist samkv. atkvgr.

Alþingi, 15. nóv. 1934.

Finnur Jónsson,  
form.

Bergur Jónsson,  
fundaskr., frsm.

Sigurður Kristjánsson.

Páll Þorbjörnsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.